



Reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður á skipulagi sérkennslu, framkvæmd og endurmati er leikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra. Hann sér til þess að börnin njóti sérkennslu í leikskólanum og sé boðið upp á þroskavænleg verkefni í leik og starfi. Auk þess hefur hann náíð samstarf við foreldra, sérkennsluráðgjafa og ýmsa sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem njóta sérkennslu. Sérkennslustjóri/leikskólasérkennari ber ábyrgð á gerð áætlana og sér um að þeim sé framfylgt og þær endurmetnar. Ásamt því að gæta þess að barn sem nýtur sérkennslu einangrist ekki heldur sé hluti af hópnum og eigi hlutdeild í leikskólastarfinu.

Lagt er til að úthlutunarkerfið 1. – 5. flokkur taki þeim breytingum að 1. og 2. flokkur eins og var áður og hluti af 3ja flokki (sérstaklega þau börn sem eiga við erfiða hegðunarerfiðleika að stríða) skilgreinist nú sem 1.- 3. flokkur. Lagt er til að 5. flokkur verði lagður niður, en nær undantekningarlaust var sótt í hann vegna barna af erlendum uppruna og barna með hegðunarerfiðleika.

Nýtt úthlutunarkerfi

1. flokkur

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunnar (<50), verulegrar hreyfihömlunnar (hjólastóll/hækjur), verulegrar tengslaskerðingar (dæmigerð og ódæmigerð einhverfa) eða blinda og heyrnaleysi, og alvarlega langveik börn. Tímafjöldi 4-9

2. flokkur

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda t.a.m. vegna vægrar þroskahömlunnar (51-70), hreyfihömlunnar (aðstoð við ferli), verulegrar sjón- og heyrnaskerðingar, málhömlunnar (<70) vægrar tengslaskerðingar, einnig langtímaveik börn sem þurfa verulega umönnun. Tímafjöldi 2-6

3. flokkur

Börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna alvarlegra hegðunar og tilfinningarlegra erfiðleika Frávik í mál og vitsmunapróska og erfiðra félagslegra og tilfinningalegra aðstæðna (70-79). Tímafjöldi 1-4

Sérkennslufjármagn

Það sérkennslufjármagn sem er eyrnamerkt leikskólanum er hugsað fyrir börn með vægari mál- félags- og tilfinningalega erfiðleika (hét áður 3. og 4. flokkur)

Vinnuferli varðandi úthlutun

1. beiðni um athugun á þroska barna þarf að berast á beiðnablaði til sérfræðipjónustu leikskóla í viðkomandi þjónustumiðstöð
2. Þegar niðurstöður greiningar liggja fyrir og greiningarniðurstöður benda til fráviks í þroska sækir viðkomandi leikskólastjóri um úthlutun sérkennslutíma á sértilgerðu eyðublaði til ábyrgðarmanns úthlutunar á leikskólasviði



3. Þriggja manna úthlutunarteymi fjallar um úthlutunina og úthlutar stuðningstímum í samræmi við úthlutunarreglur. Horft er til greiningarniðurstaðna við úthlutun tíma fyrir börn en einnig hafa aðstæður barna áhrif á niðurstöður úthlutunar. Metið er útfrá:
 - Daglegri ummönnunarþörf
 - Félagslegum aðstæðum
 - Hjálpartækjaþörf
 - Boðskiptaþörf (þarf barnið aðstoð við tjáningu)
4. Ábyrgðarmaður úthlutunar sendir tilkynningu um niðurstöður úthlutunarteymis til leikskólastjóra og deildarstjóra sérfræðiþjónustu á viðkomandi þjónustumiðstöð.
5. Þegar fjármagni er úthlutað úr 1. og 2. flokki er að öllu jöfnu úthlutað til þess tíma sem leikskólagangan er. Þó skal ábyrgðarmaður úthlutunar ávallt endurskoða úthlutunina um hver áramót. Úthlutun úr 3. flokki er að öllu jöfnu úthlutað til 6 mánaða í senn.

Í sérstökum tilvikum, þegar barn þarf stöðuga aðgæslu meirihluta dvalartíma síns, getur úthlutunarteymið úthlutað barni fleiri sérkennslustundum en flokkunarröð segir til um.

Samþykkt í leikskólaráði 13. febrúar 2008